

# TUDOR RAFGEYMAR

MIKIÐ ÚRVAL - TRAUST OG GÓÐ ÞJÓNUSTA  
TUDOR 35 ÁR Á ÍSLANDI



Frí ástandsskoðun á rafgeymum

Öflugir TUDOR  
High Tech rafgeymar

- 95Ah, 800 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfrír
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Endurhlaðast allt að 50% hraðar" (Carbon Boost)
- Nýjar og endurbættar blýgrindur (3DX)
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði



Jötunn-vélar ehf - Lónsbakki - 601 Akureyri - sími: 4800 440 - www.jotunn.is

# NORÐURLAND

— 25. JANÚAR 2018 —

2. tölublað  
2. árgangur



„Unga fólkkið  
hefur heilmikið  
fram að færa“

Eftir átta ár í embætti bæjarstjóra Akureyrar hefur Eiríkur Björn Björgvinsson upplifað ýmislegt í starfi. Þegar hann lítur til baka segir hann að nán tengsl við íbúa standi upp úr. Eiríkur ræðir um kjörtímabilin, framhaldið og hvernig er að skilja við starfið á bls. 12.

Dagur er nýjasta  
rappstjarna Akureyrar



68 norðlensk fyrir-  
tæki á Mannamótum

Afla tugum milljóna  
fyrir sjúkrahúsið



  
FASTEIGNASALA NORÐURLANDS  
Trúnaður • heiðarleiki • mannleg samskipti

662 4704 GUDMUNDUR BJÖRNSSON  
Lögfróður fasteigna- og skiptaáætti fastnord.is  
gummi@fastnord.is

Framtak-Blossi er umboðsaðili  
fyrir **VOLVO PENTA** á Íslandi

  
Framtak-Blossi kappkostar að bjóða góða þjónustu og sanngjarnt verð á varahlutum.

**VOLVO PENTA**

Hafið samband við  
Hafþór í síma 895-3144  
eða hafthor@blossi.is

FRAMTAK  
**BLOSSI ehf**  
Dvergshöfða 27, 110 Reykjavík | www.blossi.is | blossi@blossi.is

ENN MEIRI LÆKKUN Á ÚTSÖLUNNI

60%  
AFSLÁTTUR  
AF VÖLDUM  
RÚMFÖTUM

Paríð  
Verð áður 12.980  
Verð nú 5.192

Hreindýr og Krummi 5.396 kr

Ástartré 5.396 kr

Þyrnirós 6.316 kr

Tré lífsins 5.996 kr

**Lin**  
DESIGN

GLERÁRTORGI | SMÁRATORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS



# Veglegt afmælisár Listasafnsins á Akureyri

Dagskrá Listasafnsins á Akureyri fyrir árið 2018 er hin glæsilegasta. Árið markar mikilvæg tímamót fyrir safnið þar sem 25 ár eru liðin frá stofnun þess. Á kynningarfundum sem haldinn var í Listasafninu á Akureyri á dögunum var dagskrá ársins 2018 og komandi starfsárs kynnt. Einnig var farið í gegnum þær framkvæmdir sem nú standa yfir á Listasafninu og þær útskýrðar.

## Byggingar Listasafnsins sameinaðar

Eftir endurbætur og stækkun á Listasafninu verða byggingarnar tvær sem safnið hefur haft til umræða, annars vegar gamla Mjólkursamlag KEA og hins vegar Ketilhúsið, sameinaðar með tengibyggingu og munu þá mynda eina heild. Glæsilegir sýningasalir á efstu hæðinni verða opnaðir þann 17. júní næstkomandi.



Sérstakur kynningarfundur var haldinn í Listasafninu miðvikudaginn 17. janúar þar sem dagskrá ársins 2018 var kynnt.

Í framtíðinni munu fjölbreyttar og spennandi sýningar verða þar. Nýr

innangangur með aðgengi fyrir hreyfihamlaða verður tekinn í notkun

ásamt safnbúð og kaffihúsi. Í nýju safni verður einnig stórbætt aðstaða fyrir safnfræðslu og skapandi starf með börnum og fullorðnum. Fræðsla, fyrirlestrar, leiðsögn og safnkennsla eru meðal þess sem Listasafnið hefur lagt aukna áherslu á undanfarin misseri og verður engin breyting þar á.

Þriðjudagsfyrirlestrarnir verða áfram stór þáttur í fræðslustarfi Listasafnsins en þeir eru settir upp í samvinnu við Verkmennaskólann á Akureyri, Myndlistafélagið, Gilfélagið og Háskólann á Akureyri. Þeir verða sem fyrr haldnir á hverjum þriðjudegi kl. 17-17.40 yfir vetrartímann.

## Nýtt safn formlega tekið í notkun 17. júní

Sýningarárið 2018 hefst 24. febrúar næstkomandi með tveimur opnunum. Á miðhæð Ketilhússins verður þá hin árlega samsýning starfandi listamanna og skólabarna, Sköpun bernskunnar. Þá mun Helga Sigríður Valdemarsdóttir opna sýninguna Kyrrð á svölunum.

Í kjölfarið eru sýningar á verkum Bergþórs Morthens, Rof, nemenda listnáms- og hönnunarbrautar VMA og útsýningin Fullveldið endurskoðað. Safninu verður svo lokað í maí og fram til 17. júní þegar nýtt safn verður formlega tekið í notkun. Þá verða opnaðar hvorki meira né minna en sjö sýningar samdægurs: Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Hugleiðing um orku; Sigurður Árni Sigurðsson, Hreyfðir fletir; Aníta Hirlekar, Bleikur og grænn; Svipir – valin verk úr safneign Listasafns ASÍ, Hjördís Frímánn og

”Listasafnið verður í fyrsta sinn þátttakandi í Iceland Airwaves tónleikahátíðinni á Akureyri í ár.

Magnús Helgason; Hugmyndir, Úrval – valin verk úr safneign Listasafnsins á Akureyri og yfirlitssýningin Frá Kaupfélagsgili til Listagils.

## 25 ára afmæli og Iceland Airwaves

Listasafnið skrifaði á dögunum undir samstarfssamning við Icelandair Hotels Akureyri og Air Iceland Connect og í ár verður Listasafnið í fyrsta sinn þátttakandi í Iceland Airwaves tónleikahátíðinni á Akureyri.

Haldið verður upp á 25 ára afmæli safnsins í lok ágúst en nánari útlistun á því verður kynnt síðar. Þá er Gjörningahátíðin A! á sínum stað í dagskránni. Yfirlitssýningar á verkum Þorvaldar Þorsteinssonar, Heima, og Arnar Inga, Lífið er LEIK-fimi, ásamt einkasýningu franska myndlistarmannsins Ange Leccia, Hafíð, loka svo árinu á komandi hausti.

Ingólfr Stefánsson



## Klippikort

### Fasteignaeigendur eru minntir á klippikortin sem fást afhent í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar að Geislagötu 9

Hver fasteignaeigandi getur fengið afhent eitt kort árlega gegn framvísun skilríkja og veitir það aðgang að gámasvæðinu við Réttarhvam og losunar á allt að 4 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum heimilisúrgangi.

**Leigjendur** íbúðarhúsnæðis verða að nálgast kort hjá leigusala eða kaupa sér kort í þjónustuanddyrinu.

**Eldri kort** má nýta áfram þar sem þau hafa engan fyrningadag og hægt er að nálgast ný kort hvenær sem er á árinu 2017.

## Förum rétta leið

### Mikilvægi flokkunar – verndum umhverfið – spörum peninga

Það borgar sig að flokka þann úrgang sem til fellur og skila á réttan stað. Með því verndum við umhverfið og stöndum að málum á sem hagkvæmastan hátt. Megnið af því sem skilað er inn á gámasvæðið er endurnýtt með einum eða öðrum hætti og breytist því úr úrgangi í verðmæti. Fyrir skil á slíkum úrgangi þarf ekki að greiða. En sumt þarfnast kostnaðarsamrar meðhöndlunar og í þeim tilvikum þarf að greiða.

**Það er mjög mikilvægt að flokka rétt** því þannig komum við í veg fyrir sóun verðmæta og tryggjum að fólk greiði aðeins þegar við á.



Svona kemur Listasafnið til með að líta út þegar framkvæmdum lýkur í júní.



**HUGSUM Í FRAMTÍÐ**



## LEIÐARI

## Er okkar tími ekki bara kominn?

Loksins, loksins er farið að fljúga frá Bretlandi til Akureyrar. Eins og greint var frá í síðasta tölublaði Norðurlands hefur ferðaskrifstofan Super Break hafið beint flug frá Bretlandi til Akureyrar og þýðir þetta gríðarlega veltuaukningu í ferðþjónustugeiranum á Norðurlandi á þessum rólegu mánuðum ársins. En kannski fögnuðum við of fljótt.

Jómfrúarferðin gekk vel þó svo að þétt hafi verið á Akureyrarflugvelli við komu farþeganna. Það sama er ekki hægt að segja um næstu tvær vélar á eftir sem þurftu að snúa við til Keflavíkur vegna veður- og flugskilyrða á Akureyrarflugvelli. Þetta eru vitaskuld gríðarleg vonbrigði fyrir þá sem að verkefninu standa og Norðlendinga alla, enda er þetta ekki gott til afspurnar fyrir önnur erlend flugfélög sem sýna Akureyrarflugvelli áhuga sem áfangastað.

Markaðsstofa Norðurlands hefur nú sent frá sér yfirlýsingu og áskorun til stjórnvalda um að tryggja fjármagn sem allra fyrst til að kaupa og setja upp aðflugsbúnað fyrir aðflug úr norðri. Framtíð millilandaflugs á Akureyrarflugvelli er algjörlega háð þessum búnaði og minnka líkurnar á þeirri framtíð með hverjum degi sem framkvæmdir eru settar á bið.

Þetta verður að laga strax. Það er algjörlega óásættanlegt að fjármagn til flugvalla utan höfuðborgarsvæðisins mæti alltaf afgangi. Það er sífellt kvartað undan þyngri og þyngri umferð ferðamanna á Keflavíkurlugvelli og því álagi sem hvílir á ferðþjónustu fyrir sunnan. Þetta má auðveldlega laga með því að efla aðstöðu á flugvöllum norðan- og austanlands, á Akureyri og Egilsstöðum. Nú höfum við árangurslaust reynt, til margra ára, að berjast fyrir landsbyggðinni og auknum fjárframlögum ríkisins til að efla flugþjónustu og ég leyfi mér að fullyrða að við munum halda því ótraud áfram. Þó væri ákjósanlegt að geta sleppt því. Er okkar tími ekki bara kominn?

Ingibjörg Bergmann Bragadóttir



## DAGUR GUÐNASON ER NÝJASTA RAPPSTJARNAN AKUREYRAR

Dagur Guðnason er 11 ára Akureyringur sem tók þátt í Syrrurappi Eddu bókaútgáfu. Dagur tók þátt með laginu Rappari

sem hann samdi sjálfur. Þátttakendur í Syrrurappi skiluðu lögum sínum inn í desember í fyrra en sérstök dómnefnd valdi svo 10 bestu lögina og var lagið Rappari þar á meðal.

Þann 27. desember síðastliðinn voru lögirnir birt á netinu og almenningur gat kosið um besta lagið. Dagur endaði í öðru sæti í Syrrurappi eftir kosninguna sem er frábær árangur hjá þessum unga Akureyringi en samkvæmt Eddu bókaútgáfu var mjög góð þátttaka í keppninni og fjöldinn allur af textum og lögum barst.

Úrslitin voru tilkynnt á verðlaunaafhendingu í Smáralind þar sem rapparnir í ÚlfurÚlfur komu meðal annars fram. Dagur fékk í verðlaun hljóðverstíma í Stúdíó Sýrlandi.

Dagur segist hafa byrjað að semja raptexa þegar hann var 10 ára og að hann hafi áður samið lög sem eru ekki rapp.

„Þegar ég frétti af Syrrurappi samdi ég raptexa fyrir keppnina. Ég lék mér með app í símanum og þá small þetta saman.“

Hann segist hafa lært margt af því að taka þátt í Syrrurappi, meðal annars að rappa hraðar og að það borgi sig að taka þátt.

### KÁ-AKÁ heillaður af unga rapparanum

Dagur hefur samið nokkra raptexa

en hann segir að fyrirmyndir hans í rappinu séu rapparar á borð við Akureyringinn KÁ-AKÁ, Birni og Herra Hnetusmjör. Uppáhalds rapplag Dags er lagið Vinna, eftir KÁ-AKÁ.

KÁ-AKÁ er listamannsnafn Halldórs Kristins Harðarsonar en Halldór fylgdist vel með Degi í Syrrurapp keppninni og var heillaður af frammistöðu hans.

„Dagur er magnaður drengur og ótrúlega fjölhæfur, hann er akkúrat týpan sem skrár sig í eitthvað svona og kýlir bara á það. Það kemur mönnum oft ansi langt, ég þekki aðeins til hans og hef fulla trú á að hann geri eitthvað gott í framtíðinni, hvort sem það er rapp eða eitthvað annað. Lagið eitt og sér er mega flott, og rappið er á góðri leið og textinn er real og catchy í leiðinni. Ef mér skjátlást ekki þá stóð hann í öllu framleiðsluferlinu sjálfur og þá þarf maður hugmyndaflug og drifkraft, sem hann skortir ekki. Ég vona bara að hann haldi áfram að vera hann sjálfur og geri meira rapp.“

Aðspurður hvort hann sæi fyrir sér að vinna með Degi segir Halldór að það sé góður möguleiki.

„Ég væri alveg til í að skoða það, ég hef haft gaman að því að vinna með öðru tónlistarfólki og Dagur gæti alveg verið einn af þeim í framtíðinni.“

Ingólfur Stefánsson

## Galloway hamborgari

og einn ískaldur 2.500 kr.

Gildir í janúar og febrúar



múlaberG  
BISTRO & BAR

HAPPY HOUR

Alla daga milli 16 - 18  
Between 16:00 - 18:00, everyday

VÍKING

MúlaberG Bistro & Bar | Hótel Kea | Akureyri | S: 460 2020

VÍKING



Dagur Guðnason ásamt röppurum í ÚlfurÚlfur og Björgvini Franz, kynni á lokahátíð keppinnar.

### 2. tölublað, 2. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 103 Rvk. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason.

Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.

Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. Ritstjóri: Ingibjörg Bergmann Bragadóttir, ingibjorg18@gmail.com, Sími: 663 8905 Prentun: Ísafoldarprentsmiða.

Dreifing: Póstdreifing og Íslandspóstur. Vefútgáfa PDF: www.fotspor.is

13.000 eintök ókeypis – um allt Norðurland





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝR LAND CRUISER

## EINFALDLEGA TOPPAR ALLT



Verð frá: 7.490.000 kr.

Í 65 ár hefur Land Cruiser drottnað yfir landslaginu og nú skartar þessi fjórhjóladrifni konungur jeppanna nýju útliti, ytra sem innra. Hann státar af nýju mælaborði með stærri skjá og nýjum eiginleikum á borð við Toyota Safety Sense sem auka enn á öryggið sem alltaf hefur verið hluti af sterkbyggðri gæðahönnun jeppans sem einfaldlega toppar allt.

- Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu
- 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Land Cruiser 150

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

### VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.  
Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans.  
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.  
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



## Tæki til vetrarþjónustu



Wendel

Tangarhófa 1  
110 Reykjavík

Sími 551 5464  
Fax: 551 4531

wendel@wendel.is  
www.wendel.is

## Menningarsjóður Akureyrar auglýsir eftir umsóknum

### Samstarfssamningar

Verkefni sem stuðla að fjölbreyttu menningarlífi á Akureyri. Hægt er að sækja um samstarf til tveggja eða þriggja ára í senn.

### Verkefnastyrkir

Verkefni sem auðga menningarlífið í bænum, hafa ákveðna sérstöðu og fela í sér frumsköpun.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar 2018**

### Starfslaun listamanna

Umsóknir skulu innihalda greinargóðar upplýsingar um hvernig starfslaunatíminn verður notaður, listferil og menntun. Veitt eru ein starfslaun í 9 mánuði og öllum með lögheimili á Akureyri er heimilt að sækja um í eigin nafni.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar 2018**

Við úthlutun er litið til fjölbreytileika í starfsemi, aldurs þátttakenda, jafnréttis og sýnileika.

Sótt er um í gegnum íbúagátt Akureyrarbæjar undir flípanum umsóknir: <https://ibuagatt.akureyri.is>

Upplýsingar um reglur Menningarsjóðs, Samþykkt um starfslaun listamanna og Menningarstefnu Akureyrar má sjá á heimasíðu Akureyrarbæjar: <https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/reglur-og-samthykktir/menningarmal>

**Nánari upplýsingar veitir Almar Alfreðsson verkefnastjóri menningarmála í netfanginu [almara@akureyri.is](mailto:almara@akureyri.is)**



[akureyri.is](http://akureyri.is)

Brynjar Karl Óttarsson  
er rithöfundur og  
útgefandi á Akureyri.



## „Kristneshæli var gríðastaður og heimili en einnig afplánun og endastöð“


**K**ristneshæli í Eyjafjarðarsveit fagnaði 90 ára afmæli 1. nóvember sl. og bókinn: Í fjarlægð – Saga berklasjúklinga á Kristneshæli eftir Brynjar Karl Óttarsson, rithöfundur og útgefandi á Akureyri, kom út af því tilefni. Bókin flytur lesandann á slóðir vistmanna á heilsuhæli um miðja 20. öldina og lýsir baráttunni gegn þeim illvíga sjúkdómi sem berklarnir voru á þeim tíma.

Eyjafjörður fór ekki varhluta af þeim skörðum sem berklarnir hjuggu en með samstilltu átaki tókst Eyfirðingum og landsmönnum öllum að snúa vörn í sókn og reisa heilsuhæli fyrir berklasjúklinga á Norðurlandi. Bókin byggir að miklu leyti á sögum fyrrverandi vistmanna á Kristneshæli sem höfundur hefur skrásett um 17 ára skeið. Sögurnar, sem hvergi hafa birst áður, gefa innsýn í daglegt líf á Hælinu.

Brynjar kemur hér með aðra bók sína um Kristnes og Kristneshæli á jafnmörgum árum. Fyrir jólin 2016 kom út bókinn: Lífið í Kristnesþorpi, sem segir sögur fólksins sem búið hefur í návist við Kristneshæli og síðar Kristnesspítala. Brynjar fjármagnar bækurnar sjálfur og gefur út á vegum sprotafyrirtækis síns Grenndargalið. Upphaf Grenndargalsins má rekja aftur til ársins 2008 þegar Brynjar þróaði verkefni í grenndarkennslu fyrir grunnskólanemendur sem hann kallaði Leitina að Grenndargalinu. Brynjar hlaut styrk frá Hagþenki – félagi höfunda fræðiritra og kennslugagna vorið 2016 til að skrifa bækurnar tvær.

### Berklarnir – sannkallað þjóðarmein

Berklarnir voru sannkallað þjóðarmein í upphafi 20. aldar. Kristneshæli var vígt árið 1927 og þjónaði sínu upphaflega hlutverki til ársins 1960. Á þessum rúmu þremur áratugum varð Kristnes örlagavaldur í lífi barna og fullorðinna sem þar dvöldust. Endalaus bið og tilbreytingarsnaud tilvera þar sem dauðinn var daglegt brauð knúði á frumkvæði og framtakssemi sjúklinga. Stofnun hagsmunasamtaka, bætt vinnuástanda og fjölbreyttara félagslíf gerði hið daglega líf berklasjúklinga bærilegra. Í bland við sögur



Kápa bókarinnar: Í fjarlægð – Saga berklasjúklinga á Kristneshæli.

vistmanna er stuðst við dagbækur, sendibréf, blaðgreinar, fundargerðabækur og fleiri heimildir. Bókin samanstendur af fræðilegri umfjöllun og sögulegum skáldskap auk fjölda áður óbirtra ljósmynda sem glæða frásögnina lífi. Afraksturinn er heildstæð samantekt um líf fólksins á Kristneshæli.

### Aðgengilegt uppflettirit um líf fólksins

Brynjar Karl, höfundar bókanna tveggja, ólst upp í Kristnesþorpi og hefur eytt mörgum árum í að taka saman heimildir um staðinn.

„Ég ólst upp í Kristnesþorpi á 9. áratugnum og hef eytt stórum hluta ævinnar í að taka saman heimildir um staðinn. Ekki síst hef ég eytt tíma í að taka viðtöl við fyrrverandi vistmenn Hælisins. Með bókunum vildi ég gera tilraun til að taka saman frásagnir og heimildir af ýmsu tagi, í máli og myndum og blanda þeim saman þannig að útkoman yrði aðgengilegt uppflettirit um líf fólksins í Kristnesþorpi og á Kristneshæli. Með bókinni gefst tækifæri til að skyggast inn í samfélag sem á sér fáar hliðstæður, samfélag sem í fljótu bragði virðist tilheyra grárri forneskju en er samt svo nærri. Þarna varð hlutskipti margra að dveljast á berklahæli svo áttu skipti án þess að fá bata og síðar átti Þorpið eftir að blómstra með iðandi mannlífi.“

# FRUMSÝNUM CITROËN C3 AIRCROSS SUV



# ESS JÚ VÍÍÍÍ!!



## SPORTJEPPI FRAMTÍÐARINNAR FRÁ CITROËN ER KOMINN!

Meira pláss, meiri möguleikar

Mikil veghæð  
Há sætisstaða  
Hljóðlátur  
Rúmgóður  
Risastórt farangursými  
Framhjóladrif með Grip Control spólvörn  
Undurþýð sjálfskipting  
7" snertiskjár

FRÁ

**2.990.000 KR.**

Kröftugur Citroën C3 Aircross SUV – Nýr sportjeppi frá Citroën. Með mikilli veghæð, Grip Control spólvörninni á framhjóladrifinu og brekkuaðstoðinni kemstu hvert á land sem er. Þú situr hátt og hefur góða sýn fram á veginn í Citroën C3 Aircross SUV. Hann er rúmgóður með breiðum og þægilegum sætum, hárt loft og með ótrúlega góðu fótaplássi. Farangursými bílsins er það stærsta í þessum flokki bíla eða 410 litrar og að auki eru aftursætin á sleða svo auðvelt er að stækka farangursýmið í 510 lítra.

[citroen.is](http://citroen.is)

### Komdu og mátaðu Citroën C3 Aircross SUV

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á



ANNAÐ HVORT EÐA: SNORRI ELDJÁRN HAUSSON

# Sló í gegn með Vallenato-tónlist í Kólumbíu

**D**alvíkingurinn Snorri Eldjárn Hauksson hefur á undanförunum mánuðum slegið í gegn í Kólumbíu með tónlist sinni. Snorri setur reglulega tónlistarmyndbönd á Facebook síðu sína þar sem tugir þúsunda fylgjast með honum.

Snorri eyddi þremur mánuðum í Cartagena í Kólumbíu árið 2016 þar sem hann varð mikið var við tónlist sem kallast Vallenato. Snorri fór aftur í heimsókn til Cartagena í október á síðasta ári og heimsótti fólkið sem hann bjó hjá áður. Lítil stelpa á heimilinu tók myndband af Snorra að syngja og setti á netið. Í kjölfarið fóru hlutirnir að gerast hratt og Snorri varð á skömmum tíma internet stjarna á svæðinu.

„Ég hlóð upp myndbandi af mér að syngja Vallenato sem er eins konar þjóðlagatónlist við strendur Kólumbíu og setti inn á Facebook. Í kjölfarið byrjuðu vinabeidnir að hrannast inn og hvatn-

ingar til að syngja meira af tónlistinni þeirra. Ég ákvað að slá til enda mikill unnandi þessara laga og textanna sem þeim fylgja. Smátt og smátt óx aðdáendahópurinn og einum og hálfum mánuði seinna byrjuðu allir fjölmiðlar Kólumbíu að fjalla um „Útlendinginn sem syngur Vallenato,“ segir Snorri en hann er nú á leiðinni til Kólumbíu í tónleikaferðalag.

## Tónleikaferðalag um Kólumbíu í febrúar

Snorri segir erfitt að segja til um hversu margir hafa horft á myndböndin hans í heildina en fyrsta myndbandið sem hann birti fékk í kringum 500-700 þúsund áhorf. Núna í lok janúar stefnir hann á tónleikaferðalag um Kólumbíu þar sem hann mun spila í sex borgum á einum mánuði. Snorri segir þessar skjótu vinsældir ekki hafa breytt lífi hans neitt verulega en þetta hafi verið þó nokkuð erfitt fyrst um sinn. „Þetta var svoltið erfitt

þegar ég kom í öllum helstu fjölmiðlum úti um miðjan desember. Þá var dálítið erfitt að sofa á næturnar og ég vaknaði oft klukkan 4 um nóttu til að svara skilaboðum svo það væri minni bunki til að fara yfir morguninn eftir. Í dag er þetta frekar rólegt og viðráðanlegt.“

## Íslendingurinn sem syngur Vallenato

Snorri segir það erfitt að segja til um hvort að þetta gæti leitt til tónleikaferils úti í Kólumbíu. Hann ætlar sér að byrja á tónleikaferðalaginu núna í febrúar og sjá svo til hvernig þetta þróast allt saman. Hann bendir áhugasömum á að hægt verður að fylgjast náið með ferðalaginu hans á samfélagsmiðlum en á Instagram, Snapchat og Twitter gengur hann undir notendanafninu: snorrieh.



## Annað hvort eða:

**Við vitum öll að í lífinu fáum við ekki alltaf það sem við viljum. Í þessu tilfelli fær viðmælandi bara annað tveggja. Annað hvort eða og aldrei aftur það sem þú velur ekki. Ef þú þyrftir að velja á milli... hvort myndirðu velja?**

**Kjöt eða fisk?** Fiskurinn verður það að vera. Hann er ómissandi.

**Ræktin eða göngutúr?** Ég verð að velja ræktina hérna þó svo ég hugsi alltaf: „Af hverju gerirðu ekki meira af þessu!“ eftir hvern göngutúr.

**Facebook eða Twitter?** Facebook. Ekki nógu duglegur á twitter.

**Dagblað eða netið (passaðu þig vel hér, þetta viðtal er í blaði)?** Dagblað

að sjálfsgöðu. Er ekki net eitthvað til að veiða í?

**Bílstjóri eða farþegi?** Farþegi. Nýti helst allar bílferðir til að sofa. Það hefur reynst illa undir stýrinu.

**Stórafmæli: veisla eða stinga af?** Ég er mikill veislukall.

**Sjónvarp eða Netflix?** Netflix að sjálfsgöðu, þvílíkur tímaþjófur.

**Youtube eða Spotify?** Youtube.

**Bíó eða leikhús?** Það besta við bíó er popp og kók. Nú hins vegar bara pepsi í boði svo ég segi leikhús. Það eru svo miklir töfrar.

**Fljúga eða keyra?** Fljúga.

**Götubarinn eða Pósthúsbarinn?** Götubarinn allan daginn. Ef Pósthúsbarinn myndi bjóða upp á suðræna tónlist, salsa, bachata o.fl. væri ég fyrstur á dansgólfið.

**Sundlaug Akureyrar eða Þelamörk?** Þelamörk. Heita sundlaugin og meira næði hefur vinninginn.

## NORÐURÞING

**Æskulýðs- og menningarnefnd Norðurlands  
auglýsir eftir áhugasömum aðila eða aðilum til að sjá  
um framkvæmd Mærudaga árið 2018.**

**Þekking og/eða reynsla á sviði viðburðastjórnunar er skilyrði.**

Mærudagar er bæjarhátíð Húsavíkur sem haldin er síðustu helgina í júlí.

Í boði eru hvers kyns uppákomur, nýjungar í bland við atriði sem hafa öðlast fastan sess.

Mærudagar skulu vera aðgengilegir sem flestum, höfða til breiðs hóps og vera eftirtektarvert og jákvætt innlegg í menningarlíf sveitarfélagsins Norðurlands.

Mærudagar skulu einkum vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarviðburði með aðkomu og þátttöku einstaklinga sem búa í sveitarfélaginu eða eiga rætur að rekja til sveitarfélagsins.

Umsóknir skulu berast til menningarfulltrúa Norðurlands eigi síðar en 5. febrúar.

Hafið samband við:  
Kjartan Páll Þórarinnsson  
Íþróttá - og tómstundafulltrúi Norðurlands  
464-6106



# Hjá Ísrör ehf færðu pressuvélar og tengi til samsetningar stállagna



Hjá Ísrör færðu einnig PEX-STÁL HITAVEITURÖR/FITTINGS – HITAVEITU – LJÓSLEIÐARA OG GASSKÁPA ÍDRÁTTARRÖR – VARÚÐARBORÐA – HERPIMÚFFUR og svo margt fleira

**ÍSRÖR** EHF  
HEILDVERSLUN

Sími 565 1489 - Hringhella 12 - 221 Hafnarfjörður - isror@isror.is - www.isror.is

## 2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi

Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



### Nýtt Hobby 560UL 2018 árgerð til afgreiðslu strax

- Með eftirtöldum aukabúnaði
- 1- Rúmbreyting í eitt stórt
- 2- Gólfhiti Rafmagns
- 3- Sjónvarpsfesting á lið
- 4- Rafgeymakerfi
- 5- Stærri dekk og burðargeta 2000kg
- 6- Sólarsella 150Watta

Verð 4.350.000 kr.



### Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrit 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

**INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.**  
Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

**OUTLANDER INSTYLE - Verð 4.760.000 kr.**

**Tilboð**

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



**5 ÁRA  
ÁBYRGÐ**  
Afhentir í  
Reykjavík eða  
Egilsstöðum





brabantia

## Þrifalegu ruslafötturnar komnar aftur

Gott úrval gerða og lita.




brabantia

ORMSSON

FURUVELLIR 5 - SÍMI 461 5000

## MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI



**Innritun er hafin** Kennsla hefst í byrjun febrúar.

### Myndlistarnámskeið fyrir börn

6 ára	Mánudaga	kl. 13.30-14.30	kr. 26.000
7-9 ára	Fimmtudaga	kl. 14.30-15.50	kr. 35.000
9-10 ára	Miðvikudaga	kl. 15.00-16.30	kr. 39.000
11-12 ára	Mánudaga	kl. 15.00-17.00	kr. 48.000

### Myndlistarnámskeið fyrir unglunga

13-15 ára	Þriðjudaga	kl. 14.30-16.30	kr. 48.000
-----------	------------	-----------------	------------

Ath. Hægt er að nota frístundastyrk Akureyrarbæjar að upphæð kr. 30.000



Innritun í síma  
462 4958

Myndlistaskólinn á Akureyri - Kaupvangsstræti 16

Margt var um  
manninn á Manna-  
mótum í Reykjavík  
þann 18. janúar sl.



# 68 NORÐLENSK FYRIRTÆKI Á MANNAMÓTUM

Fimmtudaginn 18. janúar stóðu Markaðsstofur landshlutanna fyrir svo kölluðum Mannamótum, sem haldin hafa verið undanfarin ár í flugskýlinu Erni í Reykjavík.


Viðburðurinn hefur aldrei verið jafn vel sóttur og í ár þar sem hátt í 700 gestir komu á viðburðinn og 225 sýnendur kynntu starfsemi sína og vörur.

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdarstjóri Markaðsstofu Norðurlands, segir viðburðinn aldrei hafa verið stærri og nú þurfi þau að huga að stærra húsnæði fyrir viðburðinn að ári. „Það má segja að þetta hafi sprungið í ár. Nú er þetta orðið svo stórt að við þurfum stærra húsnæði. Það hefur aldrei verið jafn mikil eftirspurn eftir plássi eins og núna þar sem 225 sýnendur voru skráðir og einnig biðlisti þannig að ekki komust allir að. Það eru margir nýir aðilar komnir inn og mikið af nýrri þjónustu hjá Norðurlandi og öðrum landshlutum,“ segir Arnheiður hæst ánægð með viðburðinn.

### Norðurland og Suðurland stærsti hópurinn

Norður- og Suðurland voru stærstu landssvæðin á sýningunni en alls var Norðurland með 68 bása á viðburðinum þar sem gömul og ný fyrirtæki kynntu starfsemi sína, gáfu gestum sýnishorn og smakk af sínum vörum og kynntust öðrum í ferðaþjónustugeiranum.

„Þetta skilar sér mjög vel. Fólk hittir nýja aðila og eflir tengsl t.d. við ferðaskrifstofur í Reykjavík og annars staðar af landinu sem menn eru ekki að hitta nema hér. Svo skilar þetta sér líka í meiri samskiptum milli aðila innan sama landshluta. Fyrir Norð-



Vogafjós var meðal þeirra staða sem kynntu starfsemi sína á Mannamótum og Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir gaf fólki að smakka afurðir úr Mývatnssveit.

lendinga t.d. er þetta ekki bara að hitta þá sem eru hér í Reykjavík heldur líka tækifæri til að skoða hvað er í boði inni á þeirra svæði og styðja við hvert annað betur. Það er ekki síður mikilvægt,“ segir Arnheiður.

### Skilar sér beint til fyrirtækjanna

Arnheiður segir viðburðinum hafa verið mjög vel tekið meðal fólks í ferðaþjónustu og sjáist vel á því hversu hratt viðburðurinn hefur stækkað milli ára. Þá fari gríðarleg vinna í að skipuleggja viðburð af þessari stærðargráðu og sé það yfirleitt gert ár fram í tímann. Skipulagningin krefjist gríðarlegrar samvinnu og því séu markaðsstofur landshlutanna strax farnar að huga að viðburðinum að ári.

„Við höfum gert könnun eftir sýninguna á hverju ári frá upphafi til að athuga hvort þetta sé að skila sér. Í þeim könnunum hefur fólk talað um að þetta sé mjög jákvætt og hafi tvímælaust áhrif,“ segir Arnheiður um Mannamót sem verða að öllum líkindum haldin í stærra rými 2019 svo að fleiri fyrirtæki hafi kost á því að taka þátt.



# Þú getur stólað á okkur


## Íslensk hágæða framleiðsla



### Eldhússtóll

Eldhússtóllinn sígildi fæst í mörgum litum. Hægt er að fá grindina krómaða eða litaða og áklæði er til í fjölbreyttu litaúrvali. Góð hönnun stenst tímans tönn og er sívinsæl.

Verð 27.900 kr.



Hönnun:  
Pétur B. Lúthersson

### Stacco

Stacco er staflanlegur fjölnota stóll sem hentar við öll tækifæri. Auðvelt er að flytja hann milli rýma á þartilgerðum vögnum sem Stáliðjan framleiðir. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.

Verð 31.100 kr.




Hönnun:  
Pétur B. Lúthersson

### Lúdo

Lúdo er þægilegur og meðfærilegur og hentar jafnt við eldhúsbörðið heima og á vinnustað. Alla stóla er hægt að fá í fjölbreyttu litaúrvali.

Verð 26.900 kr.



### Rondó

Þægilegur og léttur stóll við kaffiborðið eða eldhúsbörðið. Hann hentar vel í eldhúsið heima hjá þér og jafnframt í fundarherbergið á vinnustaðnum. Rondó er með standard setu og grindin er úr krómi. Fjölbreytt litaúrval.

Verð 25.900 kr.

### Eldhúsborð

Með föstum T-fótum úr krómi. Við bjóðum upp á borðplötur í nokkrum litum.



Borðplata  
Verð 18.375 kr.



T borðfætur undir borð  
Verð 24.125 kr.  
(parið)

Samtals Verð 42.500 kr.



Vönduð íslensk framleiðsla síðan 1959. Stáliðjan er gamalgróið íslenskt fyrirtæki sem framleiðir vandaða vöru fyrir heimilið og vinnustaðinn.



## STÁLIÐJAN

Stálhúsgögn og alhliða stálsmiði

Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - [www.stalidjan.is](http://www.stalidjan.is)

## Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá **HUMBAUR** hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

## Nýtt á Íslandi frá **WÖRMANN** kerrum

world of trailers



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

## Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718  
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI



VIÐTAL

Eiríkur Björn Björgvinsson,  
bæjarstjóri Akureyrar, hættir  
eftir tvö kjörtímabil í starfi.


# „Unga fólkið hefur heilnúið fram að færa“

-segir Eiríkur Björn Björgvinsson, sem senn lætur af starfi bæjarstjóra á Akureyri

**E**iríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram í embættið á Akureyri og býður ekki fram krafta sína fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar.

Eiríkur starfaði sem deildarstjóri hjá Akureyrarbæ á árunum 1996-2002 en þá flutti hann austur til Egilsstaða þar sem hann tók við starfi bæjarstjóra. Eiríkur tók við starfi bæjarstjóra á Akureyri árið 2010 og

hefur því starfað sem bæjarstjóri í að verða 16 ár, tvö kjörtímabil fyrir austan og nú síðast tvö á Akureyri. Eiríkur segist ekki hafa verið lengi að ákveða sig að sækja um starfið þegar hann sá stöðuna auglýsta af

Akureyrarbæ en L-listinn, sem fékk hreinan meirihluta í bæjarstjórnarkosningunum 2010, ákvað að ráða inn í stöðuna einhvern óháðan listanum.

„Þegar tímabilinu sem bæjarstjóri

fyrir austan lauk þá leit ég í kringum mig, sá þessa stöðu auglýsta og ég sló bara til. Ég sótti um eins og mjög margir aðrir og var svo heppinn að vera valinn úr góðum hópi umsækjenda.



## „Akureyr- ingar eru duglegir að gera kröfur um góða þjónustu og ég vil fremur öllu standa undir þeim væntingum sem til mín eru gerðar.“

Þetta var frábært tækifæri til að koma aftur til Akureyrar og vinna í þessu frábæra samfélagi,“ segir Eiríkur um ráðninguna fyrir tæpum átta árum.

### Stærsta áskorunin að standa undir væntingum

Eiríkur segir það eðlilegt að Akureyringar geri miklar kröfur til bæjarins og þeirrar þjónustu sem hann stendur fyrir.

„Auðvitað gerir fólk kröfur, Akureyringar eru duglegir að gera kröfur um góða þjónustu og ég vil fremur öllu standa undir þeim væntingum sem til mín eru gerðar.“

Hann segir starfið frábært tækifæri til að aðstoða við að byggja upp samfélagið þó svo að það sé ákveðin áskorun að halda utan um þetta allt saman, enda Akureyrarbær meðal stærstu fyrirtækja bæjarins.

„Þetta er að sjálfsgöngu tækifæri til að vera þátttakandi í að byggja upp samfélagið, koma þannig að uppbyggingu, skipulagi og undirbúningi allrar þjónustunnar sem Akureyrarbær veitir. Þetta er svo gríðarlega öflugt og stórt fyrirtæki að það er auðvitað heilmikið mál að halda utan um það allt saman. Þar er gríðarlegur fjöldi starfsmanna og mörg verkefni sem við erum að sinna. Öll samskipti í starfinu, bæði við ríkisvaldið, starfsmenn og auðvitað íbúa bæjarins, skipta mestu máli. Að veita íbúum góða þjónustu og standa undir þeim kröfum og væntingum sem þeir gera til þjónustunnar sem við stöndum fyrir skiptir mestu máli,“ segir Eiríkur um bæjarstjórnarstarfið.

### Gefur langmest að geta hjálpað fólki

Eftir átta ár í embætti bæjarstjóra Akureyrar hefur Eiríkur upplifað ýmislegt í starfi. Þegar hann lítur til baka segir hann að nán tengsl við íbúa standi tvímælalaust upp úr. Hann hefur á þessu tímabili hitt fjöldann allan af fólki og segir það ómetanlegt þegar honum tekst að hjálpa til, hvort sem það eru einstaklingar, fjölskyldur, félagsamtök eða fyrirtæki.

„Í mörgum tilvikum hefur maður fengið tækifæri til að hjálpa fólki sem hefur kannski verið í einhverjum erfiðleikum og svoleiðis verkefni standa auðvitað alltaf upp úr. Ef maður nær að leysa úr einhverju fyrir fólk sem er í einhverjum vandræðum og maður finnur að maður gerir gagn. Þau verkefni eru auðvitað mjög mörg og gefa manni alltaf mest, þegar maður sér að þau skila árangri,“ segir Eiríkur sem ítrekar þó að hann standi nú ekki einn heldur hafi fjöldann allan af frábæru samstarfsfólki með sér og saman leysi þau málin.

### Frí fyrst og svo nýjar áskoranir

Eiríkur segist ekki vera kominn áleiðis með að svara spurningunni um hvað taki við að loknu starfi hans sem bæjarstjóri á Akureyri. Hann vill frekar klára tímabilið og sinna sínum skyldum áður en hann fer í alvöru að huga að þeirri spurningu.

„Ráðningarsamningurinn minn rennur út í júní og ég vil bara sinna mínum skyldum þangað til. Svo er það bara ágætis klisja að ég vil í kjölfarið taka mér gott frí og hlaða batteríin,“ segir Eiríkur og hlær. „Það er eiginlega það sem ég bið spenntastur eftir, að komast í smá frí og hreinsa hugann aðeins. Maður hefur undanfarið ár einhvern veginn alltaf verið með hugann fastan í vinnunni, jafnvel í fríum. Núna næ ég kannski að hlaða batteríin almennilega,“ segir hann.

Hann segir bæjarstjórnarstarfið vera mjög erilsamt á þann hátt að maður sé í rauninni alltaf við vinnu. Þó hafi hann verið mjög heppinn að því leyti að vera með gott samstarfsfólk í kringum sig sem létti álagið svo um munar. Þrátt fyrir kröfur og erlsemi starfsins segir hann þetta þó umfram allt hafa verið gríðarlega skemmtilegt og hann lært ótrúlega mikið á þessum 16 árum sem hann hefur starfað sem bæjarstjóri, bæði á Egilsstöðum og á Akureyri.

„Svo tekur bara eitthvað nýtt við. Það koma alltaf ný tækifæri og nýjar áskoranir og maður fagnar því bara. Hvar eða hverjar sem þær svo sem verða,“ segir Eiríkur.

### Fólk tekur frekar þátt í bæjarstjórnarkosningum ef á það er hlustað

Í sveitarstjórnarkosningunum í maí árið 2014 var kjörsókn í landinu minni en nokkru sinni fyrr. Á landinu öllu var heildarkjörsókn 66,5 prósent. Þá var kjörsókn í Norðausturkjördæmi 67,12 prósent.

Eiríkur er bjartsýnn að kjörsóknin verði betri í ár og segir það vonandi afleiðingu af auknu íbúalýðræði.

„Undanfarið kjörtímabil höfum við reynt að efla íbúalýðræði með ýmsum leiðum. Við höfum gert kannanir meðal íbúa hvernig við getum náð betur til þeirra, við höfum verið með hverfisráð, viðtalstíma hjá bæjarfulltrúum o.fl. Með því að sýna fólki áhuga og gefa fólki tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri fær fólk frekar áhuga á bæjarmálunum. Á Akureyri hefur fólk mikinn áhuga á bæjarmálum og það verður svo til þess að það kemur á kjörstað og kys. Svo þarf auðvitað að vera áhugavert fólk í frambóði sem nær til kjósenda,“ segir Eiríkur en hann telur það mikilvægt að reyna að efla áhuga ungs fólks á bæjarmálum því kjörsókn þess er áberandi lítil.

„Unga fólkið skilar sér illa á kjörstað. Við þurfum að sýna því áhuga, hlusta betur á það og gefa því tækifæri. Maður lítur bara í eigin barm, ef það er hlustað á mann þá hefur maður meiri áhuga á málunum. Ungu fólkið hefur heilmikið fram að færa og um leið og það finnur að það hefur einhver áhrif þá verður það virkara. Þannig held ég að við náum fleirum til að koma, vera með og auðvitað kjósa.“

### Fullur þakklætis

Eiríkur telur helstu áskorun næstu bæjarstjórnar vera atvinnumál, húsnaðismál, málefni aldraðra og að styrkja innviðina í heild sinni. Fjármálin eru alltaf stærsta áskorun bæjarins en hann telur reksturinn hafa gengið vel síðastliðin ár og vonar að hann gangi áfram vel hjá komandi bæjarstjórn og jafnvel betur.

„Okkur hefur tekist að reka sveitarfélagið mjög vel undanfarið ár, og líka löngu áður en ég kom til starfa, og ég er mjög ánægður með þann árangur. Ég er bara gríðarlega þakklátur fyrir þetta tækifæri sem ég hef fengið, að sitja þessi kjörtímabil. Ég hef átt í mjög góðu samstarfi við alla, íbúa bæjarins og auðvitað þá sem eiga í samskiptum við sveitarfélagið. Maður er bara fullur þakklætis,“ segir Eiríkur að lokum.

Ingibjörg Bergmann Bragadóttir



Eiríkur ásamt Ólöfu, leikskólakennara og skáta, við setningu Akureyrarvöku og Afmælishátíðar Akureyrarbæjar 2017. Krakkar úr veimur leikskólum komu saman og sungu meðan Akureyrarvökufáninum var flaggað.

# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,  
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM



**HENSON DESIGN**  
Gæðarúm í miklu úrvali

Öll sæti og bak stillanleg




RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

BRUNSTAD



Brunstad hvíldarstóll

Öll sæti stillanleg



ISABELLA hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

Stillanleg rúm



Svefnsofar í miklu úrvali og mörgum litum. Nokkrar stærðir í boði.

CALIA



JACOB stóll frá Calia Italia

SITTING VISION



hvíldarstólar

Öll sæti stillanleg



ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

Stillanlegur höfuðþúfi



GRACE hægindastóll

ORACOL



ORACOL tungusófi

BUGATTI



RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORD • SÆNGUR



**VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN**

SUÐURLANDSBRÁUT 24, 108 REYKJAVÍK  
Opíð alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

**LUR**  
BETRI HVÍLD



## FÉLAGIÐ MITT: HOLLVINIR SJÚKRAHÚSSINS



Hollvinasamtökin hafa fjármagnað kaup á rúmlega 20 lækningatækjum síðustu ár. Myndin er tekin við afhendingu nýs fæðingarrúms á sjúkrahúsinu á Akureyri 2016. Mynd: Ingibjörg Jónsdóttir.

# „VIÐ ERUM MEÐ ALLAR KLÆR ÚTI VIÐ AÐ AFLA PENINGA FYRIR TÆKJAKAUPUM“

## Útsala

Félagið mitt er nýr þáttur í Norðurlandi þar sem ýmis frjáls félagsamtök á Akureyri og nágrenni verða kynnt. Markmiðið er að kynna það flotta og frábæra sjálfbodastarf sem mörg þessara félaga vinna og fær yfirleitt ekki næga umfjöllun í fjölmiðlum.

Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri ríða á vaðið en þau hafa unnið ómetanlegt starf fyrir sjúkrahúsið og styrkt stofnunina um marga tugi milljóna í formi tækjakaupa undanfarin ár.

Jóhannes G. Bjarnason, formaður samtakanna, segir í samtali við Norðurland að stjórn samtakanna vinni hörðum höndum við að afla peninga fyrir tækjakaupum. Félagið hefur á stuttum tíma afhent sjúkrahúsinu fjöldann allan af tækjum sem öll eru glæný og búin nýjustu tækni.

Jóhannes segir þetta mögulegt vegna félagsgjaldanna sem félagsmenn borga á hverju ári ásamt öðrum fjáröflunum.

„Við í stjórninni erum mjög virk í að sækja okkur fjármagn með ýmsum leiðum. T.d. styrkjum frá fyrirtækjum, fólk hleypur fyrir Hollvini í Reykjavíkumaraþoninu, sumir hringja og vilja styrkja okkur, við sækjum í velferðarsjóði fyrirtækja o.fl. Við erum með allar klær úti við að afla peninga fyrir tækjakaupum, enda eru upphæðirnar sem við höfum náð að afla frá 2014 gífurlegar. Við erum búin að ná margföldum félagsgjöldum inn með styrkjum og framlögum,“ segir Jóhannes.

### 30 milljón króna ferðafóstra afhent í febrúar

Eitt af stærstu verkefnum félagsins hingað til er svo kölluð ferðafóstra, sem afhent verður sjúkrahúsinu í byrjun febrúar. Ferðafóstra er ferðagjörngæsla fyrir nýbura sem þarf að flytja í sjúkrabílum, flugvélum eða þyrlum vegna mikilla veikinda. Félagið hefur þegar keypt tækið og nú er verið að setja það saman fyrir afhendinguna en tækið samanstendur af öndunarvél, hitakassa, monitorum og hugbúnaði.

„Við erum mjög spennt að afhenda þetta því þetta mun bjarga barnslífum og

**Nafn félags:** Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri

**Stofnað:** 13. desember 2014.

**Fjöldi félagsmanna:** Í kringum þrjú þúsund.

**Hlutverk og starfsemi félagsins:** Stuðla að bættum lækningatækja-útbúnaði á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

**Stjórn og formaður félags:** Í stjórn sitja níu manns og Jóhannes G. Bjarnason er formaður félagsins.

**Hvernig er hægt að gerast félagsmaður?** Á heimasíðu Sjúkrahússins á Akureyri er tengill inn á Hollvini þar sem hægt er að ganga í samtökin á mjög einfaldan hátt.

**Kostar eitthvað að taka þátt í starfsemi?** 5.000 kr. á hverju ári.

**Hver eru ykkar helstu verkefni eða viðburðir á starfsárinu?**

„Við höfum keypt nokkra tugi lækningatækja undanfarin ár, þ.a.m. fullkomna öndunarvél, fullkomna ristilspeglunarbúnað, fæðingarrúm, 30 ný sjúkrarúm á lyfjadeildina, allt nýtt inn á geðdeildina og hún endurnýjuð algjörlega, nýir monitorar, stólar og margt fleira,“ segir formaður samtakanna.

ég held að það sé ekki hægt að hafa mikil göfugri tilgang með félagsskap heldur en að bjarga nýfæddum börnum. Markmiðið með tækjunum okkar er að þau séu bestu tækin á landinu. Það er mikill metnaður á bakvið þetta,“ segir Jóhannes.

Næsta verkefni félagsins eftir afhendingu ferðafóstrunnar er ekki síður stórt en það er að endurnýja allan útbúnað á skurðdeildum Sjúkrahússins. Ekki er vitað nákvæmlega hvað verkefnið kemur til með að kosta en upphæðin skiptir tugum milljóna.

### Vitum aldrei hvenær við þurfum á þessum tækjum að halda

Jóhannes segir mikilvægt að vinna þetta sjálfbodastarf því það viti enginn hvenær hann þurfi á þjónustu sjúkrahússins að halda. Hann segir það ómetanlegt að vita að tækin sem samtökin færa sjúkrahúsinu bjargi mannlífum. „Verðlaunin að vera að stússað svona í þessu sjálfbodastarfi eru alveg meira en mæld. Og maður hugsar líka bara að þegar eitthvað kemur fyrir okkur, eða ástvíni okkar, þá viljum við hafa tækin sem taka á móti okkur fullkomin,“ segir Jóhannes og hvetur jafnframt fólk sem hefur tök á að ganga í félagið og stýðja við þessi frábæru verkefni fyrir sjúkrahúsið.



**TAKMARKAÐ MAGN**  
Fyrstur kemur, fyrstur fær!

Opíð virka daga frá 9 til 18  
laugardaga 11 til 15  
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

**INNRETTINGAR & TÆKI**  
- fyrir þitt heimili



# Húsnæði til leigu í Reykjanesbæ



## Klettatröð 19, Keflavíkurflugvöllur

### Húsnæðið skiptist í

- 4 skrifstofur, eldhús, salerni, afgreiðsla og salur.
- Samtals ca 600 m<sup>2</sup>
- Eignin er laus fljótlega.



## Bolafótur 1 Njarðvík

- 2x 108 m<sup>2</sup> salir, nýttir sem bílaverkstæði í dag.
- Ca 80 m<sup>2</sup> afgreiðsla, 40 m<sup>2</sup> skrifstofa á efri hæðinni og sameiginlegt eldhús og salerni.
- Eignin er laus frá og með 1 júlí
- Samtals ca 365 m<sup>2</sup>

Frekari upplýsingar í síma 776 7600 Guðmundur  
eða gummi@touringcars.eu

TCI Fasteignafélag ehf

# HÚSBÍLAÆÐI !



**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**  
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**  
**Verð nú 4.250.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**  
**Verð nú 3.650.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000,**  
**Verð nú 3.650.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**  
árg 2008, ekinn 117 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 4.990.000**  
**Verð nú 3.650.000.**



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**  
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**  
**Verð nú 4.750.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 110 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 til 3 tvöfalt rúm aftast sólarsetla **Verð 5.990.000**  
**Verð nú 4.650.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**  
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **Verð 4.990.000**  
**Verð nú 2.200.000.**  
Bíllinn er bílaður líklegast með ónýta vél.



**Dacia Dokker 1.5 diesel árg 2016,**  
ekinn 28 þ. km, 5 gíra, svefnpláss fyrir 2, sólarsetla og öndun á topp, klár í notkun. **Verð 1.990.000.-**



**Range Rover Vogue diesel 3.6 vél,**  
ekinn 205 þ. km, sjálfskiptur, bíllinn er nánast með öllu. **Verð 3.990.000**  
**Verð nú 3.490.000**

Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)





# NORÐURLAND

13.000 eintök frítt um allt Norðurland annan hvern fimmtudag

2. tölublað  
2. árgangur

## Fánaprentun

- Útifánar
- Borðfánar
- Hátíðarfánar

544  
2030  
MERKIS  
MENN  
www.merkismenn.is



## Janúar – Mjúkur mánuður

Líkamsræktin mín – svona fyrir utan daglegar gönguferðir – er vatnsleikfimi. Hún fer fram í innisundlaug þar sem lítið sem ekkert hefur breyst síðan ég fór fimm ára gömul á fyrsta sundnámskeiðið. Þessi leikfimi er mjúk, við liðkum stíra liði í hlýju vatninu og njótum þess að vera til á meðan endurnar garga utan við gluggann, alveg eins og þær gerðu þegar ég tók fyrstu sundtökin. Þarna er birta og ylur, hlátur – og mykt.

Engin okkar mun birta af sér ræktarsjálfu við spegil með lóð og tattú og líklega er engin okkar að taka þátt í veganúar. Þótt við grínumst með það að við séum komnar með „hangilæri“ eftir jólin held ég að engri okkar detti í hug að ráðast á þau með neinu sérstöku offorsi. Það sem við hugsanlega bættum á okkur um jólin, kom jú vegna þess að við áttum hamingjuríkar stundir með góðum mat og það er nú varla sérstaklega refsivert.

Sólin hækkar ekki á lofti í einu vetfangi og ég ætla að taka sólina til fyrirmyndar þennan janúar. Ég ætla að gera hann að mjúkum mánuði og rétta rólega úr mér. Ég ætla að njóta útiveru og birtu þegar hún gefst en láta myrkrið líka umvefja mig, sofa og lesa í rökkrunu. Eyða einhverjum tíma í dagdrauma og þælingar en aðallega fara svolítið mjúklega með sjálfa mig og una því að vera ófullkomin.

Það er ekki víst að þetta klikki!

*Inga Dagný Eydal er Norðlendingur á besta aldri sem starfað hefur m.a. við hjúkrun, kennslu og tónlist. Hún býr í Eyjafjarðarsveit ásamt eiginmanni og hundi og sinnir eigin endurhæfingu og sköpun s.s. í ljósmyndun og skrifum, matargerð og listmálun.*

## Betolvex B-12



Fengsælum sjómönnum kann að þykja freistandi að hlaða bát sinn út í hið óendanlega. Það getur hins vegar skapað mikla hættu þar sem ofhleðsla getur leitt til alvarlegra slysa. Gætum að öryggi okkar og siglum örugg í höfn.

Samgöngustofa



og verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda